

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf verði veitt leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk skólans tímabundið skólaárið 2021 til 2022 og að greitt verði framlag vegna nemenda með lögheimili í Reykjavík í 6. og 7. bekk frá upphafi skólaársins þann 23. ágúst 2021 til loka skólaársins sem verður þann 8. júní 2022.

Sviðsstjóra er falið að gera viðauka við samning aðila, dags. 13. maí 2019, sem kveður á um framangreint og að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 153 nemenda með lögheimili í reykjavík.

Gerður er fyrirvari um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fáiist.

Greinargerð:

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. október 2021, þar sem rakinn er ferill málsins og staða.

Hér er því lagt til að skólanum verði heimilt að halda áfram kennslu í 6. og 7. bekk á skólaárinu 2021 – 2022 og að greitt verði framlag vegna 153 nemenda að hámarki með lögheimili í Reykjavík frá upphafi skólaársins þann 23. ágúst 2021 og út skólaárið 2021 – 2022.

Leyfi til áframhaldandi kennslu í 6. og 7. bekk að yfirstandandi skólaári loknu verður tekið til skoðunar berist umsókn Hjallastefnunnar þar að lútandi.



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: *Umsókn um undanþágu um leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk, í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík út skólaárið 2021 -2022 auk umsóknar um aukið framlag*

I. Umsókn Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf

Skóla- og frístundasvið hefur haft til meðferðar umsókn Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf, kt. 550119-0210, (hér eftir Hjallastefnan/Barnaskóli Hjallastefnunnar), dags. 3. mars 2021, um undanþágu um leyfi til kennslu í 6. og 7. bekk skólaárið 2021-2022. Fram kemur í framangreindu bréfi Hjallastefnunnar að um sé að ræða kennslu barna sem nú þegar eru í skólanum og var áætlað að sami fjöldi nemenda héldi áfram. Sótt var um með fyrirvara um að vitneskja um ásættanlegt húsnæði fáiast á næstu vikum.

Með bréfi Hjallastefnunnar, dags. 12. mars 2021, er áréttað að óskað sé eftir að greitt verði framlag með öllum þeim börnum sem eiga lögheimili í Reykjavík og sem stunda nám við skólann í 1. til 7. bekk. Í elstu bekkjum skólans muni stunda nám nemendur sem skráðir eru í skólann á núverandi starfsári og ekki sé ráðgert að innrita þar nýja nemendur.

Í tölvuskeytum skólans, dags. 11. júní 2021 og 28. júní 2021, voru veittar upplýsingar um áætlaðan fjöldi reykvískra nemenda í 1. til 7. bekk.

Í tölvuskeyti skólans, dags. 30. september sl, veitti skólinn upplýsingar um að 153 nemenda með lögheimili í Reykjavík séu skráðir í skólann. Skipting eftir bekkjum er eftirfarandi: Í 1. bekk eru 36, í 2. bekk 21, í 3. bekk 23, í 4. bekk 23, í 5. bekk 21, í 6. bekk 16 og í 7. bekk 13. Fjöldi nemenda með lögheimili utan Reykjavíkur er 24. Heildarfjöldi nemenda er því 177.

Tekið er fram að greitt var framlag vegna 121 nemanda með lögheimili í Reykjavík þann 1. október 2021 í 1. til 5. bekk og voru þeir því þrem færri en að framan er getið, sjá nánar í lið V.

Í þjónustusamningi við Hjallastefnuna Grunnskóla ehf kemur fram að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 150 nemenda með lögheimili í Reykjavík og er því með vísan til framangreinds gert ráð fyrir að fjöldi nemenda umfram heimild samkvæmt þjónustusamningi sé þrír nemendur.

II Forsaga málsins

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 13. janúar 2021 og í borgarráði þann 28. janúar sl. var samþykkt tillaga sem kveður á um að Hjallastefnunni Grunnskólum ehf verði veitt leyfi til kennslu þeirra sextán reykvísku nemenda sem þegar voru í 6. og 7. bekk skólans frá samþykkt samþykktinni til loka skólaársins 2020 – 2021. Ekki verði um frekari fjölgun nemenda að ræða þar sem húsrúm í samþykktu húsnæði leyfði ekki frekari fjölgun. Greitt verði framlag vegna framangreindra 16 nemenda frá 1. febrúar 2021 til loka skólaársins 2020 – 2021. Þrátt fyrir framangreint verði ekki gerð breyting á þjónustusamningi um hámarksfjölda nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna. Sviðsstjóra var falið að gera viðauka við núgildandi samning Reykjavíkurborgar við Hjallastefnan Grunnskólar ehf, dags. 13. maí 2019, sem kveður á um framangreint. Gerður var fyrirvari um að skólahúsnæði uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum og að staðfesting Menntamálastofnunar fáiist.

Að öðru leyti er vísað til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2021, sem lagt var fram á fundi skóla- og frístundaráðs er fjallað ítarlega um málavexti.

Afrit af almenna hluta skólanámskrár og skólanámskrá miðstigs fyrir Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík barst skóla- og frístundasviði þann 16. nóvember sl. og er það mat skóla- og frístundasviðs að hún sé fullnægjandi og almennt í góðu samræmi við áherslur og hæfniviðmið aðalnámskrár grunnskóla.

Umsögn skólaráðs Barnaskóla Hjallastefnunnar, dags. 24. júní 2021, liggur fyrir.

III Upplýsingar varðandi húsnæði grunnskólans

Í tengslum við gerð þjónustusamnings, dags. 13. maí 2019, og öflun staðfestingar Menntamálastofnunar var aflað gagna frá Hjallastefnunni um húsnæði grunnskólans að Nauthólsvegi 87, Reykjavík. Samkvæmt upplýsingum Hjallastefnunnar frá þeim tíma var skólinn rekinn í húsnæði að Nauthólsvegi 87, samtals 2.443 m² og var þar kennslurými fyrir rúmlega 222 börn miðað við viðmið skóla- og frístundasviðs um 11 m² pr. nemenda. Þar með talið væru 4 færanlegar stofur sem eru 45 m² hver, sem gerðu því 180 m² til viðbótar við það húsnæði sem skólinn hafði fyrir.

Í tölvuskeyti skólans, dags. 11. júní 2021, voru veittar þær upplýsingar að áætlað væri að fjöldi reykvískra nemenda í 1. til 7. bekk verði 184, þar af 20 nemendur í 6. bekk og 20 nemendur í 7. bekk. Starfsemin fari fram á Nauthólsvegi 87, til samræmis við teikningu sem sýni húsnæðið og niðurröðun nemenda. Í sama skeyti kemur fram að í skólabyggingu sem merkt er (mhl 03) sé áætlað að verði 113 nemendur í 1. – 4. bekk en kennslurými er samtals 576 m² auk ganga og umferðarrýmis sem er samtals 195,7 m². Að auki er áætlað að nota hluta skólabyggingar (mhl 02) sem ekki var í notkun skólaárið 2020 – 2021 vegna raka- og mygluskemmda en samtals er áætlað að nota 306 m² í þeirri byggingu, kennslustofur á neðri hæð og kennslurými auk skrifstofu skólastjóra og aðstöðu starfsfólks á 2. hæð. Samtals hefur skólinn því til umráða á næsta skólaári 1.167,7 m² fyrir 184 nemendur eða 6,3 m² á nemanda.

Fyrir liggur skýrsla Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 12. október 2021. Þar eru ábendingar sem unnið er að lausn á af hálfu Hjallastefnunnar.

IV Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og Barnaskóla Hjallastefnunnar Grunnskóla

Skóla- og frístundasvið gerði þann 13. maí 2019 þjónustusamning vegna nemenda í 1. til 4. bekk í Barnaskóla Hjallastefnunnar, *Nauthólsvegi 87, Reykjavík*, við Hjallastefnuna Grunnskólar ehf, kt. 550119-0210. Samningurinn kveður á um að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 150 reykvískra nemenda. Samningurinn tók gildi 10. júní 2019 og gildir til þriggja ára. Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 7. janúar 2020, staðfesti stofnunin framangreindan þjónustusamning sem og önnur gögn er fylgdu umsókn Reykjavíkurborgar um staðfestingu.

Á fundi borgarráðs þann 6. júní 2019 var samþykkt tillaga sem kvað á um að Hjallastefnunni Grunnskólum verði heimilað að hefja kennslu í 5. bekk við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík frá og með skólaárinu 2019-2020. Þá kom fram að þar sem þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og skólans miðar við að heimilt sé að greiða framlag vegna 60 reykvískra nemenda umfram þann fjölda sem greitt var framlag vegna á yfirstandandi skólaári sé lagt til að ekki verði gerðar breytingar á þjónustusamningi hvað varðar hámarksfjölda reykvískra nemenda við skólann sem heimilt er að greiða framlag vegna. Það sé skilyrði að skólahúsnæðið uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þá var gerður fyrirvari um að Menntamálastofnun staðfesti fjölgun árganga og þjónustusamning skólans við Reykjavíkurborg. Með bréfi Menntamálastofnunar, dags. 28. febrúar sl., staðfesti Menntamálastofnun framangreindan þjónustusamning og að Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík sé heimilt að hefja kennslu í 5. bekk frá og með skólaárinu 2019 -2020. Fram kemur að staðfesting sé veitt með vísan í þjónustusamning, dags. 13. maí 2019, sem og önnur gögn, er fylgdu umsókn Reykjavíkurborgar um staðfestingu. Þá kemur fram að staðfesting þessi komi í stað fyrri staðfestingar, dags. 7. janúar 2020.

Enn sem komið er hefur Hjallastefnan ekki undirritað viðauka vegna breytinga á þjónustusamningi vegna nemenda í 6. og 7. bekk en eins og fram hefur komið var samþykkt að greiða framlag vegna 16 reykvískra nemenda frá 1. febrúar 2021 til skólaslita í júní 2022.

V Fjöldi nemenda í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Í október 2021 var greitt framlag vegna 35 reykvískra nemenda í 1. bekk; 20 nemenda í 2. bekk; 222 nemenda í 3. bekk; 23 nemenda í 4. bekk og 21 í 5. bekk. Samtals var því greitt framlag vegna 121 nemenda í október.

Helstu ákvæði grunnskólalaga og reglugerða settum samkvæmt þeim

Í 1. málslíð 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2009 kemur fram að lögin taka til grunnskóla á vegum sveitarfélaga, til sjálfstætt rekinna grunnskóla og til viðurkennds náms á grunnskólastigi.

Í 3. mgr. 20. gr laga um grunnskóla kemur fram að grunnskólahúsnæði og skólalóðir skuli uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks, svo sem hvað varðar hentugan húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu.

Með stoð í framangreindri 20. gr. laga um grunnskóla hefur verið sett reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þar er í 3. gr. er kveðið á um að húsnæði og skólalóðir skuli uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar, aðalnámskrár grunnskóla og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og

öryggi á vinnustöðum. Einnig beri að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um grunnskóla og aðalnámskrá grunnskóla. Er þar sérstaklega átt við að nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan þeirra svo sem varðandi hentugan húsbúnað, hljóðvist og lýsingu, fjölbreytni í náms- og leikaðstöðu og annan búnað.

Skv. 1. mgr. 43. gr. a. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans. Skv. 3. mgr. 43. gr. a getur sveitarfélag hafnað því að gera þjónustusamning eða takmarkað hann við tiltekinn nemendafjölda, t.d. ef fjárframlög til skólanna kunna að hafa neikvæð áhrif á skólastarf sveitarfélagsins sjálfs og fjárveitingar til þess. Skv. 2. mgr. 43. gr. a. skal Menntamálastofnun staðfesta þjónustusamningin, sbr. einnig 4.- 6. gr. reglugerðar nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Skv. 43. gr. b. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum á sjálfstætt rekinn grunnskóli sem gert hefur þjónustusamning rétt á framlagi úr sveitarsjóði til starfsemi sinnar vegna nemenda sem hafa lögheimili í því sveitarfélagi sem skólinn starfar í. Skal framlagið nema að lágmarki 75% af vagnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur, en framlagið skal vera að lágmarki 70% fyrir hvern nemanda umfram þann fjölda.

Þá kemur fram í 1. tölulið 1. mgr. 43. gr. d laga um grunnskóla að um rekstur og skólahald sjálfstætt rekins grunnskóla gildi að starfsemi grunnskólans, þ.m.t. skipulag og kennsluhættir, skuli vera í fullu samræmi við ákvæði laga þessara, reglna sem settar eru á grundvelli þeirra og í samræmi við aðalnámskrá, nema undantekning sé gerð með lögum eða á grundvelli heimildar í lögum.

Í h. lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að staðfest afrit af starfsleyfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélags og vottorð bruna- og eldvarnareftirlits á vegum sveitarfélaga og vinnueftirlits þurfi að berast Menntamálastofnun mánuði fyrir áætlaða skólabyrjun.

Í 4. mgr. 6. gr. reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla kemur fram að verði skólanum fundið annað húsnæði eða árgöngum fjölgað skuli rekstraraðili fyrst leita afstöðu viðkomandi sveitarfélags gagnvart slíkum breytingum sem leitar staðfestingar Menntamálastofnunar.

Tekið er fram að sveitarfélögum er heimilt á grundvelli 7. tl. 43. gr. laga um grunnskóla og stjórnarskrárvarins réttar sveitarfélaga til sjálfstjórnar samkvæmt 78. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, sbr. lög nr. 33/1944, að takmarka fjárframlög sín til sjálfstætt rekinna grunnskóla en tekjustofnar sveitarfélaga skulu ákveðnir með lögum, svo og réttur þeirra til að ákveða hvort og hvernig þeir eru nýttir, sbr. einnig 1. gr. og 2. mgr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

V. Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna skólaársins 2020 – 2021 var gert ráð fyrir að greitt yrði framlag vegna 105 reykvískra nemenda. Niðurstaðan var þó sú að greitt var framlag vegna 105,6 nemenda að meðaltali og 109 nemenda í lok skólaárs.

Ár	2020	2020	2020	2020	2021	2021	2021	2021	2021
Skóli: nemendafjöldi	september	október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
Barnaskóli Hjallastefnunnar	105	101	105	105	103	107	108	107	109

Kostnaðaraukinn vegna skólaársins 2021 -2022 út frá fjárhagsáætlun er því öll fjölgun umfram 105. Núverandi þjónustusamningur heimilar að greitt sé framlag vegna allt að 150 nemenda.

Kostnaðarauki vegna skólaársins 2021 -2022 út frá fjárhagsáætlun er því öll fjölgun umfram 105. Samkvæmt upplýsingum Hjallastefnunnar þann 30. september 2021 eru í skólanum 153 nemendur með lögheimili í Reykjavík í 1. til 7. bekk.

Kostnaðarauki Reykjavíkurborgar ef samþykkt verður að greiða framlag vegna 48 nemenda til viðbótar við þá 105 sem greitt var framlag vegna á síðasta skólaári er kr. 81.813.888,- á ársgrundvelli ($48 \times 1.704.456 = 81.813.888$). Greitt er í níu greiðslum frá september 2021 til maí 2022.

Til upplýsinga þá gæti kostnaðarauki Reykjavíkurborgar ef samþykkt verður að heimila skólanum að fjölga um 55 nemendum með lögheimili í Reykjavík til viðbótar við 105 nemendur þannig að nemendur verði 160 nemendur með lögheimili í Reykjavík er $55 \times 1.704.456 =$ kr. 93.745.080,-

Gjald samkvæmt lögbundnu viðmiði pr. nemanda er kr. 1.704.456,- í júlí 2021 tekur mánaðarlegum vísitölubreytingum og því má gera ráð fyrir hækkun á tímabilinu.

Af fjárhæðinni m.v. 153 nemanda falla til kr. 36.361.728 á fjárhagsárinu 2021.

Núverandi fjárheimildir skóla- og frístundasviðs árið 2021 vegna Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf eru fullnýttar og þarf því að óska eftir viðbótarfjárheimildir. Gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði þegar fjárhagsrammi SFS verður ákveðinn fyrir árið 2022.

Mögulega mun einhver skóli/skólar borgarinnar haft hagræði af fækkun nemenda við það að þeir flytjist í grunnskóla Hjallastefnunnar Grunnskólar ehf. Sú hagræðing er mikilli óvissu háð því raunveruleg hagræðing byggir á því að fækkun nemenda leiði til fækkunar bekkja í viðkomandi í skóla/skólum borgarinnar.

Fyrir liggur umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 12. október 2021.

VII Umsögn skóla- og frístundasviðs

Lagt er til að Hjallastefnunni Grunnskólar ehf verði heimiluð kennsla í 6. og 7. bekk skólaárið 2021 – 2022 og að greitt verði framlag vegna allt að 153 nemenda með lögheimili í Reykjavík.

Þar sem þjónustusamningur Reykjavíkurborgar og skólans miðar við að heimilt sé að greiða framlag vegna allt að 150 reykvískra nemenda og fjöldi nemenda sem nú eru skráðir í skólann eru 153 er lagt til að gerð verði sú breyting á þjónustusamningi við Hjallastefnuna að heimilt verði að greiða framlag vegna allt að 153 nemenda með lögheimili í Reykjavík á yfirstandandi skólaári.

Það er skilyrði að skólahúsnæðið uppfylli skilyrði 20. gr., sbr. 43. gr. d. laga um grunnskóla nr. 91/2008, sbr. einnig reglugerð nr. 657/2009, um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða, með síðari breytingum. Þá er gerður fyrirvari um að Menntamálastofnun staðfesti fjölgun árganga.

Óskað verður eftir viðauka við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.



Hjallastefnan

SFS2021030075

Reykjavík 24. júní 2021

UMSÖGN FRÁ SKÓLARÁÐI BARNASKÓLA
HJALLASTEFNUNNAR Í REYKJAVÍK

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Skólaráð Barnaskólans í Reykjavík hefur kynnt sér áætlanir og skipulag um notkun húsnæðis í húsnæði skólans við Nauthólsveg næsta skólaár, 2021-2022.

Skólaráð styður við þá ákvörðun að skólinn fái heimild til kennslu 6. og 7. bekkjar við skólann á næsta skólaári sem og til framtíðar til viðbótar við þá árganga sem þegar eru við skólann, það er 1.-5. bekk.

Við lýsum yfir fullum stuðningi við skólastjórnendur og stjórnendur Hjallastefnunnar til að útfæra húsnæðið á sem farsælastan hátt fyrir nemendur skólans.

Virðingarfyllt

Auður Þórunn Rögnvaldsdóttir

Eyrún Eggertsdóttir

Einar Ómarsson

Magnea Snorradóttir

Silja Magnúsdóttir

Unnur M. Guðmundsdóttir






Hjallastefnan

SFS2021030075

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is





Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Umsókn um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi, 6. og 7. bekk, við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, skólaárið 2021 – 2022 og fjölgun barna

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn vegna umsóknar Hjallastefnunnar Grunnskóla ehf. um leyfi fyrir skólastarfi á miðstigi, í 6. og 7. bekk, skólaárið 2021-2022 auk þess sem nýr þjónustusamningur við skólann gerir ráð fyrir greiðslu framlags til allt að 160 reykvískra nemenda í stað 150 samkvæmt núverandi samningi.

Í minnisblaði skóla- og frístundasviðs dags. 24. júní 2021 (uppfært 29. júlí 2021 og 5. október 2021) kemur fram:

- Samkvæmt nýjustu upplýsingum SFS frá skólanum er reiknað með að 153 nemendur með lögheimili í Reykjavík muni stunda nám við skólann á skólaárinu 2021 – 2022. Eru það 3 nemendur umfram heimild í núverandi þjónustusamningi sem gerir ráð fyrir allt að 150 nemendum.
- Tillaga skóla- og frístundasviðs gerir ráð fyrir að nýr þjónustusamningur verði gerður við skólann sem gerir ráð fyrir allt að 160 reykvískum nemendum á komandi skólaári.
- Samkvæmt minnisblaðinu var gert ráð fyrir 105 nemendum í fjárhagsáætlun og að meðaltali var greitt fyrir 105,6 nemendur á síðasta skólaári.

Ár	2020	2020	2020	2020	2021	2021	2021	2021	2021
Skóli: nemendafjöldi	september	október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
Barnaskóli Hjallastefnunu	105	101	105	105	103	107	108	107	109

- Í júní 2021 var samkv. minnisblaði SFS greitt framlag vegna 109 nemenda við skólann í 1. – 5. bekk. Ekki var greitt framlag vegna nemenda í 6. og 7. bekk skólans þar sem samningur vegna þeirra hafa ekki verið undirritaðir.
- Kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs vegna fjölgunarinnar gerir ráð fyrir 81,8 m.kr. árlegum kostnaðarauka vegna 153 barna, (þ.a. myndu 36,4 m.kr. falla til á fjárhagsárinu 2021) en 93,7 m.kr. árlega ef þjónustusamningurinn yrði fullnýttur og 160 börn stundi nám við skólann.
- Sótt er um með fyrirvara um að ásættanlegt húsnæði fái á næstu vikum.

Umsögn FÁST

Skóla- og frístundasvið hefur í minnisblaði sínu gert grein fyrir fjárhagslegum áhrifum málsins og áætlað árlegan rekstrarkostnað vegna barns í einkareknum skóla rúma 1,7 m.kr. eða um 189 þ.kr. á mánuði. Stundi 153 reykvísk börn nám við skólann er gert ráð fyrir að fjárheimildir sviðsins þurfi að hækka um 36,4 m.kr. vegna fjárhagsársins 2021 og um 81,8 m.kr. á ársgrundvelli. Greitt er í 9 greiðslum vegna hvers skólaárs frá september – maí.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur lagt mat á kostnaðaraukningu vegna fjölgunar barna. Fjárhagsrammi skóla- og frístundasviðs vegna Barnaskóla Hjallastefnunnar er á fjárhagsárinu 2021, 166,9 m.kr. sem á að rúma 105 nemendur. Sbr. töflu hér að neðan þyrfti að auka fjárheimildir skóla- og frístundasviðs um 93,9 m.kr. á ársgrundvelli ef greitt væri vegna 153 barna og um 52 m.kr. vegna fjárhagsársins 2021. Kostnaður umfram fjárheimildir vegna 160 barna væri 105,9 m.kr. á ársgrundvelli ef nýr samningur væri fullnýttur.

	Áætlun '21 - '22	Hámark	Raun 2021
Fjöldi barna	153	160	105
Hagstofa, júlí 2021	2.272.608	2.272.608	2.272.609
Hlutfall	75%	75%	75%
Greiðsla á ári pr. nem	1.704.456	1.704.456	1.704.457
Fjöldi mánaða	9	9	9
Greiðsla á mán pr. nem	189.384	189.384	189.384
Heildarkostn. pr. ár	260.781.768	272.712.960	178.967.959
Í ramma	166.875.098	166.875.099	166.875.100
Kostn. umfram heimildir	93.906.670	105.837.861	12.092.859
Haust 2021 (fjöldi mán)			
Mánuður	4	4	4
Heildarkostn. v. tímabils	115.903.008	121.205.760	79.541.315
Ónýttur rammi	63.933.592	63.933.592	63.933.592
Kostn. umfram heimildir	51.969.416	57.272.168	15.607.723

Bent er á að gjald pr. nemanda samkvæmt lögbundnu viðmiði Hagstofu Íslands tekur mánaðarlegum vísitölubreytingum. Hækki framlag skv. útreikningum Hagstofunnar meira en sem nemur áætlaðri kostnaðaraukningu skv. forsendum fjárhagsáætlunar er slíkur mismunur ófjármagnaður í ramma sviðsins. Miðað við gjald Hagstofu í júlí 2021 er uppsafnaður kostnaðarauki vegna skólans á árinu 2021 um 12 m.kr. sbr. töflu hér að ofan. Eiginleg hækkun vegna aukningu í barnafjölda er því í raun 12 m.kr. lægri en taflan að ofan segir, tekið tillit til vísitöluhækanna sem mánaðargjaldið tekur. Gert er ráð fyrir því að á seinni hluta árs sé rammi sviðsins endurmetinn m.t.t. þessa.

Í minnisblaði skóla- og frístundasviðs kemur fram að mögulega muni einhver skóli/skólar borgarinnar hafa hagræði af fækkun nemenda flytjist þeir í grunnskóla Hjallastefnunnar. Sú hagræðing sé mikilli óvissu háð því raunveruleg hagræðing byggir á því að fækkun nemenda leiði til fækkunar bekkja í viðkomandi í skóla/skólum borgarinnar. Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um hvar þessir nýju nemendur hefðu annars verið í skóla/skólum sé ekki hægt að fullyrða neitt um vænt hagræði.

Fjármála- og áhættustýringarsvið getur tekið undir þau sjónarmið að erfitt geti verið að setja fingur á hvort hagræði verði í borgarreknum grunnskólum ef börn flytjast milli skóla eða hefja nám í einkareknum skóla í stað borgarrekins. Úthlutun fjárheimilda tekur þó í grunninn mið af barnafjölda í skólum borgarinnar með heildstæðum hætti ásamt forsendum um bekkjarstærðir. Það þarf því að gera ráð fyrir viðbótarfjárheimild vegna þessarar fjölgunar, en endurskoða um leið með heildstæðum hætti fjárheimildir til borgarrekinna grunnskóla með hliðsjón af barnafjölda og gildandi reiknilíkani.

Halldóra Káradóttir,

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.

ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS og Hjallastefnan Grunnskólar ehf., kt. 550119-0210, vegna nemenda í 1. – 4. bekk Barnaskóla Hjallastefnunnar að Nauthólsvegi 87, Reykjavík, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda skólans sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir um rekstur grunnskóla en ekki rekstur frístundaheimilis.

1. gr. Skilyrði

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, með síðari breytingum, reglugerð nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla og önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi grunnskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Skólanum ber að skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana sem eru kærانlegar skv. 47 gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla auk þess sem lög um upplýsingarétt nr. 140/2012 geta átt við um starfsemina.

Til samræmis við lög um grunnskóla ber skólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Skólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi skólans. Skólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.



2.gr. Rekstrarframlag

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af framangreindu vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200.

Greitt er framlag vegna allt að 150 nemenda.

Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greiddur með 9 greiðslum síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Ekki er greitt mánuðina júní, júlí og ágúst. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast með starfsáætlun eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

3. gr. Gjaldtaka

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.



4. gr.**Innritun nemenda**

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

5. gr.**Sérfræðiþjónusta**

Skólinn á rétt á sömu sérfræðiþjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

6. gr.**Stuðningur við nemendur með sérþarfir**

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

7. gr.**Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

8. gr.**Upplýsingar, mat og eftirlit**

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. maí ár hvert.

9. gr.**Ársskýrsla**

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

10. gr.

Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

11. gr.

Endurskoðun samnings

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

12. gr.

Framsal

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

13. gr.

Force Majeure

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

14. gr.

Gildistími og uppsögn

Samningurinn tekur gildi 10. júní 2019. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Lítið er svo á að samningur aðila dags. 20. október 2015 hafi haldið gildi sínu fram að gildistöku þessa samnings. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

15. gr.

Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

16. gr**Fyrirvari um staðfestingu á þjónustusamningi
Afturköllun staðfestingar**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu Menntamálastofnunar, sbr. 2. mgr. 43. gr. a. laga nr. 91/2008 og 4.-6. gr. reglugerðar nr. 1150/2018, um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Afturkalli Menntamálastofnun staðfestingu sína á þjónustusamningi þessum fellur samningurinn úr gildi án uppsagnar.

17. gr.**Varnarþing**

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

18. gr.**Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 13. maí 2019


F.h. Skóla - frístundasviðs Reykjavíkurborgar


F.h. Hjallastofnunnar Grunnskóla ehf.

Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:




kl. 250557.4349

240467-4649

Fylgiskjal: Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

8 Fylgiskjöl

8.1 Fylgiskjal 1 - Reglur Reykjavíkurborgar um styrkveitingar

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 25.maí 2017

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. *Markmið.*

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsörðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. *Ábyrgð.*

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6.gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn g) því hve vel þær falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og markmiðum um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun.

Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykktra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar.

Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar svo breyttar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði 25.maí 2017 og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði.

Reykjavík, 12. júní 2019

SFS2013090060

7.3

Hjallastefnan Grunnskólar ehf
Þórdís J. Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri
Nauthólsvegi 87
101 Reykjavík

Þjónustusamningur vegna Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

Meðfylgjandi er undirritaður þjónustusamningur vegna nemenda í 1. - 4. bekk Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Samningurinn hefur verið sendur Menntamálastofnun til staðfestingar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. a. laga nr. 91/2008, um grunnskóla og öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur verið staðfestur.

Virðingarfyllst


Elín Norðmann lögfr.

2021年3月17日
2021年3月17日